

Ed.

608. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

7. liður 1. kafla 2. gr. laganna orðist svo: lakkrís og lakkrísvörur 1 kg 210.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkv. lögum nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 1. gr. er lagt til, að gjald af lakkrís og lakkrísvörum verði hið sama og af brjóstsykri, töggum o. fl. vörum samkv. 1. kafla 2. gr. laganna, með því að ekki virðist nein ástæða til að tolla lakkrís lægra en fyrrgreindar vörur.

Til þess að afla ríkissjóði tekna, er ríkisstjórninni enn fremur heimilað með frumvarpinu að innheimta gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, að viðbættri þeirri heimild til hækkunar, sem ákveðin er í lögum nr. 94 1946, með 100% álagi, en það er sama sem að grunngjaldið samkv. lögnum frá 1939 sé innheimt með 200% álagi.

Tekjur af innlendra tollvöruframleiðslu urðu s.l. ár ca. tvær og hálf milljón króna, og hafði þá verið notuð heimild til 50% hækkunar á þessum gjöldum.

Að öllu óbreyttu ætti því tekjuaukning samkv. þessu frumvarpi að nema 2,5 millj. króna. En með því að gengið er út frá, að gjald af kaffibæti verði ekki hækkað frá því, sem nú er, og ætla má, að verðhækkun sú, sem þessi tollhækkun hefur í för með sér, muni eitthvað draga úr neyzlu og þar af leiðandi framleiðslu þessara vara, þykir ekki varlegt að áætla tekjuauka samkv. þessu frumvarpi meira en 1,5 millj. króna.